



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samtök iðnaðarins
Ólafur Helgi Árnason
Hallveigarstíg 1
101 Reykjavík

Dagsetning
8. september 1997

Tilvisun
97050397
361.10

Alþingi
Erindi nr. P 121/2429
komudagur 12.9.'97

Dómsmálaráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 1. júlí sl., varðandi efni laga nr. 54/1997 um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Varðandi athugasemd yðar um 4. mgr. 1. gr. laganna skal bent á að ef skjöl eru unnin af fasteignasala felur það í sér að þau eru jafnframt árituð af honum. Hins vegar er í 4. mgr. 1. mgr. gerð sú undantekning að áritun fasteignasala nægi á þau skjöl sem byggingaraðili vinnur sjálfur og felur slík áritun þá í sér að fasteignasalinn ábyrgist að skjalið fullnægi ákvæðum laganna.

Varðandi athugasemd yðar um sölu íbúða húsnæðisnefnda sveitarfélaga skal tekið fram að sala slíkra íbúða er háð löggjöf um félagslegar íbúðir og fer því um hana samkvæmt viðeigandi lögum.

Að lokum skal, vegna athugasemdar yðar um að yður hafi ekki verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum við frumvarpið, tekið fram að almennt er af ráðuneytisins hálfu ekki leitað umsagna um lagafrumvörp hjá öllum þeim sem kunna að hafa hagsmuna að gæta áður en þau eru lögð fyrir Alþingið. Af hálfu þingsins eru lagafrumvörp hins vegar send hagsmunaaðilum til umsagnar.

F. h. r.

Afrit:

Allsherjarnefnd Alþingis